

312. KIRKJURÁÐSFUNDUR

FIMMTUDAGINN 23. JÚLÍ 2020 KL. 13:30

haldinn í gegnum fjarfundabúnað

DAGSKRÁ

- 1) Fundarsetning
- 2) Gjaldskrá kirkjuráðs um greiðslur fyrir prestsþjónustu þjóðkirkjunnar
- 3) Önnur mál

1. FUNDARSETNING

Sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir, vígslubiskup í Hólaumdæmi, setti kirkjuráðsfund þennan kl. 13.30. Sr. Solveig gegnir embætti biskups Íslands í júlímánuði 2020 í leyfi sr. Agnesar M. Sigurðardóttur, biskups Íslands, sbr. 15. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997. Fundinn sátu kirkjuráðsmennirnir séra Arna Grétarsdóttir, séra Axel Árnason Njarðvík, Svana Helen Björnsdóttir og Stefán Magnússon.

Jafnframt tóku þátt í fundinum Brynja Dögg Guðmundsdóttir Briem, framkvæmdastjóri kirkjuráðs sem ritaði fundargerð og Drífa Hjartardóttir, forseti kirkjuþings.

2. GJALDSKRÁ KIRKJURÁÐS UM GREIÐSLUR FYRIR PRESTSPJÓNUSTU ÞJÓÐKIRKJUNNAR

Á 58. kirkjuþingi 2019, aukakirkjuþingi sem haldið var 28. ágúst og 4. september 2019, var samþykktur viðbótarsamningur um endurskoðun á samkomulagi milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997 (kirkjujarðasamkomulagið) og samningi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um rekstrarkostnað vegna prestsembætta og prófasta, rekstrarkostnað biskupsstofu, framlag til Kristnisjóðs og sérframlög til þjóðkirkjunnar frá 4. september 1998. Fulltrúar íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar undirrituðu viðbótarsamninginn hinn 6. september 2019. Þá voru samþykktar, á grundvelli viðbótarsamningsins, ýmsar breytingar á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 (þjóðkirkjulög). M.a. var samþykkt að afnema lög um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra, nr. 36/1931, með síðari breytingum. Þess í stað var samþykkt svofelld viðbót við 2. mgr. 59. gr. laganna: „Kirkjuþing setur gjaldskrá um þjónustu kirkjunnar, þ.m.t. vegna prestsþjónustu.

Þann 30. júní sl. voru samþykkt á Alþingi lög um breytingu á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997 og fleiri lögum og um brottfall laga um kirkjumálasjóð. Með lögumum var samþykkt eftirfarandi breytingartillaga biskups Íslands, um svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Ef brýna nauðsyn ber til er kirkjuráði heimilt, á grundvelli 59. gr., að setja starfsreglur og gjaldskrá til bráðabirgða, með samþykki forseta kirkjuþings. Skulu þær gilda til næsta fundar kirkjuþings, þó ekki lengur en sex mánuði frá þeim degi að forseti kirkjuþings samþykkir þær. Starfsreglur og gjaldskrá skulu undirritaðar af forseta kirkjuráðs og forseta kirkjuþings og birtar með sama hætti og starfsreglur kirkjuþings.

Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. janúar 2021.

Kirkjuþingi þjóðkirkjunnar hefur í tvígang verið frestað á árinu vegna samkomubanns. Lögð voru fram drög að gjaldskrá kirkjuráðs um greiðslur fyrir prestsþjónustu þjóðkirkjunnar. Framtíðarnefnd hefur unnið að drögumum og uppfærðar hafa verið þær fjárhæðir sem áður voru

tilgreindar í gjaldskrá ráðherra um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra nr. 729/2014, sbr. breytingar á skránni með auglýsingum nr. 1146/2015 og nr. 687/2016.

Kirkjuráð og forseti kirkjuþings samþykktu fyrirbyggjandi drög að gjaldskrá.

Stefán Magnússon, kirkjuráðsmaður, óskaði eftir að bókuð yrði andstaða hans við því að fjárhæðir þær sem gjaldskráin tilgreinir séu uppfærðar miðað við vísitölu.

Hin nýja gjaldskrá verður kynnt á vef þjóðkirkjunnar, www.kirkjan.is.

4. ÖNNUR MÁL

a) *Hraungerði*

Milli funda samþykkti kirkjuráð tilboð í jörðina Hraungerði.

Kirkjuráð staðfesti samþykkt sína.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:15.

Næsti fundur kirkjuráðs er áætlaður miðvikudaginn 12. ágúst nk.

Solveig Lára Guðmundsdóttir
vígslubiskup í Hólaumdæmi

Brynja D. G. Briem
framkvæmdastjóri kirkjuráðs

Séra Arna Grétarsdóttir

Séra Axel Árnason Njarðvík

Stefán Magnússon

Svana Helen Björnsdóttir